



Fagráð um velferð dýra

Ársskýrsla 2020

Matvælastofnun (apríl 2022)



Um fagráð um velferð dýra

Fagráð um velferð dýra starfar samkvæmt 5. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Fagráðið hefur aðsetur hjá Matvælastofnun, sem leggur því til vinnuáðstöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á sviði ráðsins. Yfirdýralæknir er formaður fagráðsins en aðrir fulltrúar skulu skipaðir af Bændasamtökum Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, Dýraverndarsambandi Íslands og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Hlutverk ráðsins er eftirfarandi:

- að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra,
- að veita Matvælastofnun umsögn um umsóknir vegna dýratilrauna,
- að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa Matvælastofnun um mikilvæg málefni á sviði velferðar dýra,
- að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Eftirtaldir skipuðu fagráð um velferð dýra í upphafi árs 2020:

- Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, formaður, skipuð án tilnefningar
- Erna Bjarnadóttir, búfjarkandídat og hagfræðingur, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Varamaður: Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárefðafræðingur, tilnefndur af sama,
- Katrín Andrésdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Íslands, Varamaður: Grétar Hrafn Harðarson, tilnefndur af sama,
- Ólafur Dýrmundsson, Ph.D í búfjárfæðum, tilnefndur af Dýraverndunarsambandi Íslands, Varamaður: Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndunarsambands Íslands, tilnefnd af sama,
- Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af Siðfræðistofnun HÍ, Varamaður: Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir, nýdoktor hjá Heimspekistofnun HÍ, tilnefnd af sama.

Á haustdögum 2020 rann skipunartími meðlima fagráðs út og var nýtt ráð skipað af ráðherra til fimm ára. Það skipa:

- Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, formaður, skipuð án tilnefningar Varamaður: Auður L. Arnþórsdóttir, dýralæknir, tilnefnd af sama
- Baldur Helgi Benjamínsson, búfræðikandídat og M.s.c. í búfjárfækt, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands Varamaður: Oddný Steina Valsdóttir, B.s.c. í búvísindum, tilnefnd af sama
- Katrín Andrésdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Íslands Varamaður: Grétar Hrafn Harðarson, dýralæknir, tilnefndur af sama
- Hallgerður Hauksdóttir, tilnefnd af Dýraverndunarsambandi Íslands Varamaður: Valgerður Valgeirsdóttir, tilnefnd af sama
- Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af Siðfræðistofnun HÍ Varamaður: Emma Björg Eyjólfsdóttir, heimspekingur, tilnefnd af sama

Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun annast faglegt mat á umsóknum um dýratilraunir og veitir ráðinu umsögn og fræðslu um hverja þeirra. Sigurjón Njarðarson, fulltrúi yfirdýralæknis er starfsmaður ráðsins, annast boðun funda, útteilingu fundargagna, ritun fundargerða auk annars sem til fellur.

Samkvæmt lögum um velferð dýra ber fagráði að halda gerðarbók um störf sín. Frá árinu 2017 hefur það verið gert með því að birta fundargerðir þess á heimasíðu [Matvælastofnunar](#).

Fagráð um velferð dýra hefur sett sjálfu sér verklagsreglur. Þær má nálgast á vefsvæði ráðsins á heimasíðu Matvælastofnunar.

Stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra

Það er eitt af hlutverkum ráðsins að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni sviði velferðar dýra.

Samkvæmt lögum um velferð dýra er Matvælastofnun skylt að leita álits fagráðs um stefnumótandi ákvarðanir á sviði dýravelferðarmála. Voru alls þrjú erindi þess eðlis:

- COVID-19 og dýravelferð.
- Umfjöllun Kveiks um tilraunir opinbera aðila til aflífunar á hjálparlausum hval.

Hvert þessara efnisliða fékk sjálfstæða umfjöllun fagráðs auk þess sem starfsreglur fagráðs voru endurskoðaðar. Um niðurstöður þess, ályktanir, áskoranir og tilmæli má lesa um í fundargerðum ráðsins.

Umsagnir um umsóknir vegna dýratilrauna

Matvælastofnun ber skylda að leita umsagnar fagráðs um velferð dýra áður en leyfi til dýratilrauna eru afgreidd. Samkvæmt reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni telst tilraun vera leyfisskyld ef hún kann að valda dýrinu sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en það sem skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

Með setningu laga um velferð dýra var í fyrsta sinn á Íslandi viðurkennt af löggjafa að dýr væru skyni gæddar verur. Þá er bannað með sömu lögum að misbjóða dýri eða fara illa með þau á annan hátt. Það liggur því í hlutana eðli að tilraunir á dýrum eru undantekningar á þessum meginreglum laganna. Þrátt fyrir miklar framfarir við þróun og framleiðslu ýmissa afurða, s.s. lyfja, lækningatækja, læknisumbúða of.l. eru tilraunir á lifandi dýrum enn þá mikilvægur liður í slíku starfi. Það vegast því alltaf á sjónarmið um nauðsyn tilraunarinnar og sjónarmið um hversu mikið inngripið er í eðlilegt líf dýrsins, siðferðissjónarmið vega því þungt.

Fagráð gegnir mikilvægu hlutverki sem umsagnaraðili vegna dýratilrauna. Því auk áður nefndra sjónarmiða geta verið miklir fjárhagslegir hagsmunir undir fyrir umsækjendur, og þar með fyrir allt þjóðarbúið. Fagráð og Matvælastofnun eru því einu óháðu aðilarnir sem geta tekið afstöðu til velferðar þeirra dýra sem eru viðföng dýratilrauna.

Alls bárust fagráði 14 umsagnarbeiðnir á árinu 2020:

- Evaluation of the haemostatic properties of intact fish skin in a superficial wound bleeding murine wound model.
- Umsókn um almennt leyfi til þess að mega frysta niður fósturvísa úr erfðabreyttum músa og rottustofnum, glasafrjógvun, fósturvísaflutninga og erfðabreytingar með CRISPR aðferðarfræði.
- ECO-EVO-DEVO dynamics of biodiversity Mývatn threespine stickleback as a model.
- Greining á tjáningu og hlutverki MITF umritunarpáttarins í músum.

- Molecular genetic studies in horses.
- Útvíkkun á Leyfi til framleiðslu á einstofna mótefnum í erfðabreyttum dýrum.
- Hearing in auks.
- Hrognkelsisbakteríur og veirur.
- Endurnýjun á leyfi til notkunar á dýrum til verklegrar kennslu á Háskólastigi og til þjálfunar á starfsfólki og nenum.
- MULTI-MOUSE: Samanburður á kornuðu og heilu sáraroði í "splinted excisional" sáramódeli í músum.
- Stöðlun á aðstæðum til að framkalla þekjuskaða í lungum eftir meðferð í öndunarvél.
- Rannsóknir á sjúkdómum sem orsakast vegna stökkbreytinga í utangenakerfinu og rannsóknir til að skilja kuldaviðbrögð í spendýrum.
- Hlutlæg greining (mæling) á holti í íslenska hestinum, seinni hluti.
- Framhaldsrannsókn tilraunabólusetningar gegn kregðu í íslensku sauðfé.

Alls veitti fagrád 13 jákvæðar umsagnir, en ein umsókn fékk jákvæða umsögn með ákveðnum skilyrðum.

Nánar má lesa um umsagnir fagráðs í fundargerðum ráðsins.

Þróun dýravelferðarmála og mikilvæg málefni á sviði dýravelferðar

Fagrád um velferð dýra er skipað á faglegum grunni í samræmi við 5. gr. laga um velferð dýra þar sem kveðið er á um að það sé skipað fagfólk á sem flestum eftirtalinna sviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði. Einstaka meðlimir ráðsins vekja reglulega athygli á málefnum sem tekin eru til umræðu, formlega sem óformlega.

Eftirtalinn erindi einstakra fagráðsmanna voru tekin formlega fyrir á árinu 2020:

- Velferð útigangshrossa – umfjöllun vegna atburða í hamfaraveðri 9.-12. desember 2019.
- Eignarréttur einstaklinga og velferð dýra – Erindi frá einum meðlimi Fagráðs vegna dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3158/2018.
- Ábyrgð dýraeigenda.
- Velferð dýra sem slátrað er utan sláturhúsa.
- Eftirlit með aðbúnaði í hesthúsum.

Um umræður um þessi mál og niðurstöðu þeirra má lesa í fundargerðum fagráðs.